

**Tilkynning um keppni.**  
**20. - 21. maí heldur Siglingaklúbburinn Þytur Opnunarmót Kjölbáta 2023 í Hafnarfirði (Hraunavík).**

1. Reglur

- 1.1 Keppt verður skv reglum World Sailing The racing rules of sailing for 2021 - 2024
- 1.2 Kappsiglingafyrirmælum SÍL
- 1.3 Kappsiglingafyrirmælum mótsins.

2. Auglýsingar.

- 2.1 Bátar skulu sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.

3. Þátttökuréttur.

- 3.1 Mótið er opið öllum bátum hvers áhöfn er fullgildur félagi í siglingafélögum skv móta og keppnisreglum SÍL.
- 3.2 Þáttaka er tilkynnt með því að senda upplýsingar um nafn skipstjóra, nafn báts, forgjöf, nafn tryggingafélags og nöfn áhafnarmeðlima á póstfangið [sailing@sailing.is](mailto:sailing@sailing.is) fram að skipstjórafundi.

4. Þáttökugjald.

- 4.1 Þáttökugjald á hvern áhafnarmeðlim er 1.500kr.
- Við greiðslu þáttökugjalds í <https://www.sportabler.com/shop/thytur/> vinsamlega takið fram nafn báts sem keppt er á

5. Tímaáætlun.

- 5.1 Skipstjórafundur verður laugardaginn 20. maí klukkan 11:00 í aðstöðu Þyts Strandgötu 88, Hafnarfirði.
- 5.2 Mælingar og skoðun fer fram strax að loknum skipstjórafundi ef keppnisstjórn óskar eftir því.
- 5.3 Fyrsta viðvörunarmerki er áætlað kl 12:00 20. maí.
- 5.4 Stefnt er að því að sigla fjórar umferðir. Ekki verður gefið viðvörunarmerki eftir kl 18:00

6. Mælingar.

- 6.1 Leggja skal fram gilt forgjafaskírteini fyrir hvern bát.

7. Kappsiglingafyrirmæli.

- 7.1 Kappsiglingafyrirmæli eru afhent á skipstjórafundi og eftir því sem við á á fésbókarsíðu Þyts <https://www.facebook.com/Siglingaklubbur>

8. Keppnissvæði

- 8.1 Hraunavík
- 8.2 Sigld verður pulsubraut. Lýsing á brautum kemur fram í siglingafyrirmælum.

9. Stigagjöf.

- 9.1 Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í alþjóðakappsiglingareglum
- 9.2 Ljúka þarf 1 umferð til að keppnin teljist lokið.

10. Verðlaun.

- 10.1 Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin.
- 10.2 Verðlaunaafhending fer fram á sunnudeginum 21. maí kl 14 í aðstöðu Þyts samhliða fyrsta viðburði SÍL í tilefni 50 ára afmælis SÍL.

## 11. Fjarskipti.

11.1 Á meðan á keppni stendur (tekur gildi við fyrsta viðvörunarflaut) mega keppendur ekki nota talstöðvar eða önnur samskiptatæki nema í neyðaratilvikum og ef allir keppendur fá sömu upplýsingar. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma

11.2 Keppnisstjór notar VHF rás 71 fyrir öll samskipti.

## 12. Takmörkun Ábyrgðar.

12.1 Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 3, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur án tillits til orsakatengsla.

13. Hver bátur skal vera tryggður með gildri ábyrgðartryggingu sem bætir tjón sem kann að eiga sér stað.

14. Með skráningu í keppni heimila þátttakendur myndbirtingar á vegum keppnishaldara og SÍL ásamt birtingu úrslita.

## 15. Köfunarbúnaður og plastlaugar.

15.1 Kjölbátar skulu ekki teknir á land á meðan mótið stendur yfir nema að fengnu skriflegu leyfi keppnisstjórnar og í samræmi við þá skilmála sem þar eru tilgreindir.

15.2 Óheimilt er að þvo kjölbáta undir vatnslínu á keppnistíma.

16. Fyrir frekari upplýsingar sendið póst á [sailing@sailing.is](mailto:sailing@sailing.is) fram að keppnisdegi eftir það verða allar tilkynningar birtar á fésbókarsíðu Þyts <https://www.facebook.com/Siglingaklubbur>